

FÉLAGSBLAÐ STANGVEIÐIFÉLAGS KEFLAVÍKUR

1. TBL. 37. ÁRGANGUR 2020



Stangveiðifélag Keflavíkur

Hafnargötu 15 eh • 230 Keflavík • Sími: 421 2888
Heimasíða og vefverslun: svfk.is • Netfang: svfk@svfk.is

Söluskrá 2020

Umhverfisvænni díselolía hjá Olís

VLO í hnotskurn

- Vetrismeðhöndlun skilar hreinni lífrænni olíu en áður hefur þekkt.
- Stuðlar að hreinni og betri bruna sem skilar hreinni vél.
- Skilar sama afli og venjulegt dísel.
- Er mjög kuldapolið og geymist vel, jafnt í hita sem kulda.

Nánari upplýsingar á olis.is



Vetrismeðhöndluð lífræn olía



FRKRTBYA - SA - 10047

FÉLAGSBLAÐ STANGVEIÐIFÉLAGS KEFLAVÍKUR

1. tbl. 36. árgangur 2019

Útgefandi:

Stangveiðifélag Keflavíkur

Ritnefnd:

Stjórn félagsins
Svavar Ellertsson

Auglýsingar:

Stjórn félagsins

Hönnun:

Svavar Ellertsson

Prentun:

Stapaprent



Myndin á forsíðu sýnir þá féлага Arnar Óskarsson og Óskar Færseth við veiðar í Trektinni í Grenlæk sv. 4. Ljósm. Gunnar J. Óskarsson

Allar myndirnar í blaðinu eru birtar án þess að höfundar sé getið. Ástæðan er sú að ritnefnd hefir fengið sendar myndir frá félagsmönnum jafnvel án þess að vita hver eigandinn er og því síður hver smelli af. Hér með er þakkað fyrir afnotin. Jafnframt viljum við hvetja veiðimenn til að taka enn fleiri myndir á komandi veiðitímabili.

RAPALA



Veiðibúð Keflavíkur Fishing tackle Iceland

HÉR FÆST ALLT Í VEIÐINA
ALL YOU'LL NEED FOR FISHING



SHIMANO



HAFNARGATA 21, 230 KEFLAVÍK S: 625 5253

Hugarástand veiðimannsins

Heilir og sælir félagar í Stangveiðifélagi Keflavíkur.

Hann er á !! Það er eitthvað við þessi orð sem veita manni ólýsanlega ánægju svo ekki verði meira sagt. Þegar búið er að egna fyrir lónbúann með ýmsum ráðum í langan tíma og ekkert gerist, þá er er tilfinningin svo frábær þegar maður getur loksins kallað, „hann er á!“ Skiptir þá ekki máli hvort maður standi einn við veiðar eða með félagi sér við hlið, gleðin er sú sama.

Hefst síðan barátta við þann sprett-harda, þar sem taugarnar eru þandar til hins ýtrasta en það er einmitt það sem við erum að leita eftir, spenn-ingurinn. Ýmislegt fer á leifturhraða í gegnum höfuðið. Er hann vel tekinn? eða er laust í honum? er hann stór eða lítil? er bremsan á hjólinu rétt stillt? eru festur þarna úti sem hann getur notað á meðan hann er að þreyta mig eða næ ég að þreyta hann á undan? hvar næ ég að landa honum? Það er vægast sagt margt sem flýgur í gegnum höfuðið. Sá sem var sallarólegur og yfirvegaður fyrir aðeins einni mínútu, er nú allt í einu kominn í einhvern ham eða ástand sem fær mann til að efast um hvort þetta sé sami maðurinn sem maður stóð við hliðina á fyrir andartaki síðan.

Flestir kannast við þennan ljúfa skjálfta sem kemur, misjafnlega mikill, en verður þó sýnu meiri eftir því sem manni finnst fiskurinn vera stærri. Hnén titra aðeins og lífið er bara æðislegt. Það er náttúrulega aldrei hægt að færa í orð hversu mögnuð þessi tilfinning er að vera með hann á, enda væri það bara til að eyðileggja ef manni gæti tekist svo vel upp að koma tilfinningunni á pappír. Maður verður að upplifa það á eigin skinni að fá tókuna og vera með hann á. Sem betur fer þá er sá sem við náðum að plata á agnið ekki dauður úr öllum æðum. Þeir eru stundum klókir já.

Hversu oft höfum við ekki lent í því að draga færið inn, alveg rasandi bit á því hvernig hann fór að því að losa sig af. Sumir taka sig til og eru í háloftunum, láta eins og enginn sé morgundagurinn á meðan aðrir nota landslagið í árbotn-inum með klókindum og ná þannig að losa sig af króknum. Stundum finnst manni eins og þeim séu engin takmörk sett. En að sjálfsgöðu er þetta „part i programmet“ líkt og einn góður leikari sagði í þekktri íslenski bíómynd þar sem magnveiðar á laxi koma við sögu.



Gunnar J. Óskarsson

Við eigum að missa fiska líka. Það er í raun og veru einn hluti af því að þroska veiðimann, að missa fisk og upplifa þá tilfinningu. Við lærum á því einfaldlega með því að vera þakklát fyrir að hafa sett í fisk, upplifa kraftinn sem oft getur verið í tókunni, þó svo að hann renni síðan af.

Sem betur fer þá náum við að landa fiskum líka. Að landa þýðir ekki það sama og drepa. Sá misskilningur verður oft til þegar talað er um að landa að þar með sé búið að drepa hann. Það er alls ekki svo. Það segir sig náttúrulega sjálft að það þarf að landa fiski hvort sem á að sleppa honum síðan aftur eða taka til matar. Að sjálfsgöðu gefum við okkur þá einföldu staðreynd að ef veiðimenn drepi fisk þá sé það eingöngu til matar.

Þegar fiski er landað þá förum við vel með hann. Hvort heldur við ætlum að gefa honum líf eða hann endar sem veislumáltíð hjá okkur. Við virðum náttúruna og það sem hún hefur fram að færa til okkar, í leit að skemmtun og afþreyingu. Við megum aldrei gleyma okkur í gleðinni.

Þarna á árbakkanum þar sem við erum búin að landa, tókum við ákvörðun um það hvað við viljum gera. Það veitir mörgum alveg ósegjanlega ánægju að fylgjast með þeim silfraða synda aftur út í hylinn að lokinni viðureign, og svipaða ánægju hafa þeir sem koma heim með aflann. Auðvitað förum við eftir þeim

reglum sem settar eru hverju sinni. Flest allir þeir sem sleppa fiski í fyrsta sinn segja svipaða sögu. Þetta sé mjög sérstök upplifun og ýtir við einhverju þarna inni í veiðivitundinni.

Síðustu mínútur veiðiferðarinnar líða oft skrambi hratt, manni langar einfaldlega ekki að slíta sig frá þessu frjálsræði sem fylgir því að geta verið úti í náttúrunni, og gera það sem manni þykir skemmtilegast, að veiða.

Veiðin á svæðum félagsins var að megninu til mjög góð í fyrra. Sjöbirtingsveiðin fyrir austan var mjög góð og mikið af stórum fiski að veiðast bæði að vori og hausti. Segir það sína sögu að í Geirlandinu veiddust 121 fiskur sem var yfir 80 cm og af því voru 15 fiskar yfir 90 cm. Sömu sögu má segja af Fossállum en þar voru allmargir yfir 80 cm. Þeir sem leið sína lögðu í Hrolleifsdalsána fóru að sjálfsgöðu glaðir heim, þar sem bæði veiði og fallegt umhverfi árinna er frábært. Þeir sem fóru í Vestur Hópið urðu ekki fyrir vonbrigðum, þar sem fín veiði og góður aðbúnaður glöddu hjarta gestanna. Veiði í Jónskvíslinni var frábær og mikið af stórum fiski á ferðinni. Þá var veiði í Grenlæknum góð en miklar breytingar á aðgengi hafa átt sér stað þar. Auðveldar það allan akstur að og við veiðistaði.

Að venju var starfsemi félagsins mikil á liðnu ári en auðvitað líkt og í öllu er alltaf hægt að gera betur. Einnig er rétt að benda á að alltaf eru til pláss í störfum innan félagsins fyrir duglega menn og konur sem áhuga hafa á.

Í enn eitt skiptið hafa þeir félagar Arnar Óskarsson og Svavar Ellertsson matreitt ofan í okkur stórglæsilega söluskrá. Það er ekki á neinn hallað að segja, að án þeirra værum við í miklum vandamálum með að framreiða þetta frábæra blað svo vel væri ofan í félagsmenn. Kunnum við þeim félögum miklar þakkir fyrir.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa rétt okkur hjálparhönd og stutt félagið, en það er alveg ómetanlegt fyrir félög að eiga góða að þegar vantar.

Stjórnarfélagi, nefndarmönnum og veiðréttareigendum vil ég þakka gott samstarf á nýliðnu ári.

Hafið gott veiðiár.

Gunnar J. Óskarsson



Stjórn SVFK opnaði Grenlæk sv 4 dagana 13.-15. maí

SVFK átti 4. holl að þessu sinni en svæðið opnar jafnan fyrir veiði þann 7. maí.

Ágætisveiði var á svæðinu og hafði snjóað allhressilega dagana áður en stjórnin mætti á svæðið. Aðstæður voru að lagast og var allur snjór tekin upp eftir hádegið þann 13.

Byrjuðu menn við brúna að kasta og setti Arnbjörn Arnbjörnsson í fyrsta fiskinn á Black Ghost.

Hélt veiðin ágætlega jöfn fyrstu tvær vaktirnar en svo fór að blása með rigningum þegar leið á seinni hluta ferðarinnar og minnkaði takan töluvert samfara því.

Það voru magnaðar aðstæður sem sköpuðust þegar veðrið datt í dúnalogn að kvöldi fyrsta dags

Flugulínur veiðimanna sungu sig í gegnum kyrrðina og fuglar í tilhugalífi létu til sín taka og kepptust við að eigna

sér ódal. Bergmálaði fjölbreyttur fugla-söngurinn um allt undirlendið. Birtingurinn steinhætti að taka en það var algjört aukaatriði á þessari stundu.

Það komu á land í þessari opnun 75 birtingar og var nánast öllu sleppt aftur.



Hagagljúfur í Geirlandsá. Ljósm. Garðar Ólafsson

Forúthlutunarreglur

- Allir þeir sem eru félagsmenn S.V.F.K. hafa rétt til að sækja um veiðidaga í forúthlutun.
- Aðeins skuldlausir félagar koma til greina við úthlutun veiðidaga.
- Umsókn þar sem sótt er um allar stangir af félagsmönnum hefur forgang, t.d. sé sótt um tvær stangir þá þarf tvo félagsmenn og þrjár stangir þurfa þrjá osfrv.
- Á hverri umsókn er gefinn kostur á að sækja um aðaldaga og einnig varadaga.

Eru varadagar hugsaðir sem möguleiki fyrir þá, sem ekki eru bundnir eingöngu af þeirri dagsetningu sem þeir sækja um sem aðaldaga.

Þeir sem setja varadaga á sína umsókn gefa þá þann möguleika að þeir séu færðir á þá, en það er eingöngu gert ef fleiri umsóknir eru á aðaldögum viðkomandi umsóknar.

Færsla á varadaga kemur þó aldrei til greina sé sótt um þá (varadagana) sem aðaldaga á umsóknum annarra aðila.

Sé umsókn færð á varadaga fellur út sá réttur að fá að varpa hlutkesti um aðaldaga umsóknarinnar, þar sem viðkomandi aðili hefur þá þegar verið færður á varadagana og fær því þeim dögum úthlutað.
- Sé umsóknir um aðaldaga jafnsterkar og varadagar ekki teknir fram, skal reynt að hafa samband við alla, þeim gerð grein fyrir stöðunni og athugað hvort einhverjir geti fært sig sé sá kostur er fyrir hendi. Geti viðkomandi ekki fært sig skal varpa hlutkesti um hver umsóknanna hljóti úthlutun. Þeir sem tapa hlutkestinu eiga þá aðeins möguleika á því að velja úr þeim leyfum sem eftir eru, eftir að úthlutun lýkur.
- Sé umsóknin ekki fullgild eða vægi hennar ekki nógu sterkt

er hún sett til hliðar og unnið úr henni eftir að úthlutun lýkur á viðkomandi veiðisvæði.

Hinsvegar getur viðkomandi umsókn fengið úthlutað veiðileyfi svo lengi sem aðrar sterkari umsóknir séu ekki á viðkomandi dögum.

- Vægi umsókna á aðaldaga margfaldast ekki þó umsóknir séu fleiri en ein á sömu aðaldaga af viðkomandi hóp félagsmanna.

Þá geta félagsmenn ekki sótt um marga samliggjandi veiðidaga sem aðaldaga á sama veiðisvæði. Sé það gert þá mun einungis umsóknin með fyrstu dagsetningunni vera tekin til greina og hinar umsóknirnar vera ógildar. Sama á við um ár eins og t.d. Jónskvísl og Grenlæk sv4 þar sem veiðidagar eru ekki endilega samliggjandi og hollin því ekki mörg.

Sama á við á þeim svæðum, einungis umsóknin með fyrstu dagsetningunni mun vera tekin til greina og hinar umsóknirnar vera ógildar.

Þetta á eingöngu við sé um mikla ásókn að ræða á viðkomandi veiðisvæði og réttur til þess að draga spil um viðkomandi daga getur þá dottið sjálfkrafa út.
- Þeir sem sækja um leyfi í forúthlutun á vefnum eiga að berast staðfestingar í tölvupósti frá skrifstofu innan tveggja sólarhringa, fyrr er umsóknin ekki gild.
- Sé félagsmaður óánægður með úthlutun sína getur hann undir umsjón forsvarsmanns úthlutunar á viðkomandi ár svæði, fengið að skoða hvernig var farið með umsókn hans.

Stjórn S.V.F.K. ber ábyrgð á úthlutun veiðileyfa og úrskurðar um vafaatriði



Gunnar J. Óskarsson með 95cm birtinginn

Vorveiðin í Geirlandsá

Frábær opnun gaf tóninn

Mjög mikið var af fiski á svæðinu og var mest um að vera í Ármótunum, þeim mikla veiðistað.

Það var bæði hrygningarfiskur og geldfiskur að veiðast í bland.

Veiddist svakalegur 95 cm vel lifaður hængur og var það Gunnar J Óskarsson formaður félagsins sem setti í hann á Black Ghost.

Skemmst er að segja frá því að þetta var

ein allra stærsta opnun frá upphafi og var landað 139 fiskum.

Mest veiddist fyrstu vikuna en öll holl í vor fengu fiska. Mismikið þó og fór það eftir aðstæðum hverju sinni. Mikið vatn gerði mönnum erfitt fyrir á svæðinu síðustu tvær vikurnar í apríl en samt var kropp eina og eina vakt þegar vatnið náði að sjatna örllítið og hreinsast á milli „kakóa“.

Þannig fengu hollin sem voru við veiðar dagana 17-19. og 19-21. átján fiska hvort holl og svo fengust 25 fiskar dagana 23-25. apríl.

Mest var fjörið á Görðunum svokölluðu og eitthvað við brúna þegar leið á veiðitímann, skiljanlega þegar svona mikið vatn er og aðstæður því erfiðar í Ármótunum þar sem megnið af vorveiðinni fæst allajafnan. Í fyrstu viku í maí settu veiðimenn í 7 fiska í röð, andstremmis á púpur, á Görðunum.

Í allt vor var mikið af stórum fiski á ferðinni og veiddust hvorki fleiri né færri en 82 birtingar sem voru 80 cm og yfir og af þessum fjölda voru 15 birtingar yfir 90 cm. Þetta er ótrúlega hátt hlutfall af stórfiski og tekur af allan vafa um það á hvaða braut félagið er á bökkum Geirlandsár.

Í vor veiddust í heildina 521 sjóbirtingur, 373 voru á flugu en 148 á spún og var 446 birtingum sleppt aftur.

Við hönnum og prentum
nánast allt sem þú þarft

stapaprent
PRENTÞJÓNUSTA

Grófin 13c • 230 Reykjanesbær • Sími 421 4388
stapaprent@gmail.com



17. apríl. Hólmfríður Árnadóttir landaði þessari hrygnu á Görðunum



28. apríl. Sigmar Rafnsson með 90cm birting í Ármótunum



6. apríl. Björgvin Magnússon og Arnbjörn með tvo af stærri gerðinni



20. apríl. Sævar Snorrason sáttur



6. apríl. Magnús S. Björnsson kátur



18. apríl. Guðrún Ársælsdóttir veiddi sinn fyrsta fisk 75cm hængur



Hugleiðingar um veiðiaðferðir og heiðarleika

Nú á seinni árum hefur fluguveiði verið mikið áberandi í veiði í flestum íslenskum ám. Má benda á áberandi mikla tengingu á þessari tegund veiðiaðferðar við það sem við flest köllum veiða og sleppa. Ekki þarf að velkjast í vafa um að veiða og sleppa aðferðin er að gagnast mjög vel í þeim ám þar sem hún er stunduð þó svo ekki megi allstaðar sjá mikla aukningu í veiði. Heldur hefur þetta verið öflug vörn til að sporna gegn fækkun laxa sem örlað hefur á á síðustu árum í allnokkrum ám hér á landi. Svo ekki sé nú minnst á það stórlaxahrun sem vart varð við fyrir nokkrum árum. Hverju sem um var að kenna, hvort það voru aðstæður á beitarsvæðum laxins í hafi, uppeldistöðvar í ánum ekki nægilega góðar eða jafnvel að um ofveiði hafi verið að ræða skal vera látið ósagt. Allavega tóku menn höndum saman og reyndu að friða stórlaxinn, með skilyrðislausum sleppingum á öllum laxi yfir 70 cm. Var þetta gert í allnokkrum ám og eingöngu var leyfð fluguveiði í þessum ám. Var og er þetta hið besta mál þar sem þetta á við.

Víkur nú sögunni að þeim veiðimönnum sem veiða eingöngu á flugu og stunda ár þar sem veiða og sleppa

aðferðin er viðhöfð. Jafnvel sleppa þessir veiðimenn líka öllum fiski þó svo ekki sé skylt að veiða og sleppa. Það er mjög ánægjulegt að sjá hversu mikil aukning hefur orðið í þessum hópi veiðimanna og mörg svæði þar sem þessi hópur af veiðimönnum getur stundað, finna fáir eitt-

hvað að því. Mikil nýliðun er í þessum hópi veiðimanna og er það ánægjulegt að ungir veiðimenn vilji axla ábyrgð til þess að ganga um landið okkar af virðingu. Upphafið að þessari aðferð hér á landi má eflaust rekja til komu erlendra veiðimanna til landsins á árum áður. Veiddu



Þessir menn svo til eingöngu á flugu, og áttu það til að sleppa fiskum þar sem örugglega hefur spilað eitthvað inni, að ekki voru menn að taka fiskinn með sér heim erlendis að loknum veiðitúr. Einnig voru þeir til sem eingöngu sáu fegurðina í því að sleppa fiski aftur í ána. Eftir því sem árin liðu varð þetta útbreiddari aðferð hér á landi og tók sérstakt stökk fyrir ekki all mörgum árum þegar var var við skort á stórlaxi og jafnvel smálaxi líka. Var þetta öflugt í baráttunni við fækkun laxfiska í sumum ám.

Þá er komið að því að minnst á hina veiðimennina sem veiða á flugu, spún eða maðk eða jafnvel á allt þetta agn sem upp er talið. Þetta eru líka veiðimenn. Það er alltaf að verða erfðara og erfðara fyrir þessa veiðimenn að finna veiðisvæði þar sem þeir geta stundað sínar veiðiaðferðir og fengið að gera það óáreiðitt. Af hverju skyldi það vera? Jú ársvæðunum fækkar þar sem leyft er að veiða á maðk eða spún og það þykir ekki lengur vera merkilegur veiðiskapur á meðal margra fluguveiðimanna að veiða á þann slímuga eða járníð. Þessir menn axla líka ábyrgð og ganga um landið okkar af virðingu. Mörgum fluguveiðimanninum finnst það ekki vera mikil virðing fyrir landinu fólgin í því að veiða á maðk eða spún. Það er það nú samt þannig ef farið er að reglum viðkomandi svæðis. Það er ekki veiðimaðurinn sjálfur sem setur reglurnar heldur veiðiréttareigendur eða veiðileyfasalar sem það gera. Við verðum að ætla að þeir séu að gera það sem best er fyrir viðkomandi ársvæði.

Þarna erum við að komast að kjarna málsins með þessum greinarstúfi. Við sem höfum gaman af veiði erum öll sannkallaðir veiðimenn, þar ber engan skugga á. Er þá verið að tala um alla þá sem stunda veiðar við íslensku fallvötnin og ekki gerður greinarmunur á því agni sem viðkomandi notar. Við skulum hafa eitt hugfast í þessu samhengi, að sjálf-sögðu ber að nota það agn sem leyfilegt er á hverju veiðisvæði. Við EIGUM að bera virðingu hvort fyrir öðru og þeim aðferðum sem við stundum til veiða. Ekki taka hvort annað af lífi þegar heim er komið úr yndislegum veiðitúr með frábærum félögum og einhverjum langar til að birta mynd eða myndir af veiðinni, hvort sem aflinn var hirtur eða honum sleppt aftur í ána. Það er orðið þannig í dag að ef fiskur sést á mynd á samfélagsmiðlum í dag þá er það fyrsta sem spurt er að, á hvað fékkstu hann? Ef viðkomandi segist hafa fengið hann á flugu þá upphafjast umræður um tegund, stærð, línu og þar fram eftir götunum. En ef hann fékkst á maðk þá í besta falli er



ekkert meira talað við hann eða eins og oft gerist, að miður leiðinlegar aðfinnslur eru látnar fjúka. Þetta er náttúrulega mjög dapurt og á ekki að eiga sér stað. Enda er staðan orðin hreinlega þannig að enginn þorir orðið að birta mynd af sér með dauðan lax eða sjóbirting, þó svo að farið hafi verið að öllum leikreglum við veiðar á viðkomandi svæði. Í smá innskoti, þá er skondið að benda á einhverra hluta vegna þá virðist það vera í lagi að birta myndir að dauðum bleikjum, hvort heldur um er að ræða vatnableikju eða sjóbleikju sem á þó alvarlega undir högg að sækja um mest allt land. Sama gildir orðið um marga þá sem sleppa líka hluta eða öllum afla. Þeir reyna að komast hjá því að birta myndir. Það eru nefnilega ekki allir sem vilja eða hreinlega kæra sig um að lenda í yfirheyrslu fyrir það eitt að birta mynd af fallegum afla. Við eigum að virða hvern einasta veiðimann. Ef við erum á þeirri hillu að sleppa eigi öllum afla og einungis veiða á flugu, þá er það góð regla að tjá sig ekki, frekar en að koma með einhvern siðgæðis póst um það hvað sé það eina rétta og hvernig eigi að gera það. Jafnvel niðurlægja viðkomandi fyrir það eitt að hafa ekki veitt á flugu. Hvað varð um það að einfaldlega

samgledjast veiðimanni með fallegan fisk sem veiddur er löglega.

Það er mikið talað um það af sjálf-skipuðum sérfræðingum að nú sé verið að rústa stofnum með þeim „slátrunum“ sem séu í gangi í ám þar sem maðkur og spunn er leyfður ásamt flugunni. Höfum við hjá SVFK ekki farið varhluta af þeirri umræðu sem byggð er á mikilli vankunnáttu og fáfræði. Svona var þetta fyrir áratugum og voru félagar SVFK engan veginn þeir einu sem slíkt gerðu. Þetta var stundað allstaðar. Þeir veiðimenn sem stunduðu þessar veiðar um land allt þegar drepa mátti allt, voru alls ekkert slæmir menn. Svona voru bara reglurnar og allir fóru eftir þeim. Margir af þessum veiðimönnum eru nú komnir í þann hóp sem einungis veiðir á flugu og sleppir öllu, er það hið besta mál. En að sjálf-sögðu gerir það þá ekki að neinum siðapostulum sem rétt hafa á því að tala niður til þeirra sem þóknast að nota annað agn en flugu.

Eitt er það sem þeir sem veiða á flugu verða einhverntíman fyrir, það er að fiskur blóðgisti. Við þessu er lítið að gera annað en að leyfa fiskinum að njóta vafans og sleppa honum aftur. Nú er verið að tala um á þar sem einungis er leyfilegt að veiða og sleppa. Undirritaður hefur veitt hundruði ef ekki þúsundir af fiskum á flugu og sleppt aftur. Fyrir kemur að einn og einn blóðgast lítilliga en jafnar sig fljótt aftur eftir að hafa fengið að ná áttum í höndum mínum í árvatninu. Síðan gerast slysin sem eru óvænt, einstaka fiski hreinlega blæður út. Fallegum stórum fiski hefur hreinlega blætt út í höndum undirritaðs þar sem verið er að leyfa honum að jafna sig eftir baráttuna. Hvað gera menn nú í á þar sem einungis

má veiða og sleppa? Henda honum út í ána aftur þó hann sé dauður eða gerist ég lögbrjótur og fer með hann í veiðihúsið og segi að honum hafi blætt út? Nú er paranojan meðal sumra orðin það mikil, að það fyrsta sem þeim dettur í hug er að viðkomandi hafi drepit fiskinn til að komast með hann heim. Það er vitað að slys gerast og fiskar drepast óvænt, en lítið er talað um þá staðreynd. Við getum ekki alltaf sest í dómarasæti og dæmt menn óheiðarlega hægri vinstri af því að við teljum okkur vera svo heiðarlega. Hugsunin má ekki verða sú, að hann hlýtur að hafa drepit hann viljandi þar sem svona slys kemur ekki fyrir mig. Við verðum að sýna öllum veiðimönnum virðingu og trúna því að þeir séu heiðarlegir.

Hæfilegir kvótar sem víða eru, koma í veg fyrir að svona ásakanir eigi sér stað. Undirritaður veit um nokkur dæmi þar sem mönnum finnst vera í finu lagi að koma heim með fisk í soðið, þó svo að um sé að ræða á þar sem einungis má veiða og sleppa. Þú ert orðinn veiðipjófur þó svo það sé bara verið að fá sér einn í soðið. Nær væri að setja í reglurnar þar sem menn gera svona, að heimilt sé að taka einn lax td 70 cm og minni ef menn vilja. Auðvitað þurfa menn ekki að nýta sér þetta ákvæði. Við verðum alltaf að leggja okkar traust á að veiðimaðurinn beri við skynsemi.

Á öllum þeim svæðum sem SVFK



Þórarinn Gunnar Birgisson með 78cm fisk

hefur yfir að ráða eru kvótar og veiðitakmarkanir. Veiði hefur farið upp á við og hafa verið sett met í aflatölum víða. Stærð fiskjar hefur verið meiri og fleiri stórir einstaklingar. Eitt af aðal takmörkum SVFK er algjör sjálfbærni í þeim ám sem félagið hefur haft á leigu. Það hlýtur að segja sig sjálft að það takmark næst ekki með ofveiði. Það á ekki að þurfa seiðasleppingar líkt og víða eru stundaðar ef rétt er farið að.

EKKI MÁ MISSKILJA ÞESSA UMFOJLLUN Á þann veg að undirritaður sé á móti veiða sleppa aðferðinni, fluguveiði eða því að skiptast á skoðunum um mynd af fiski. Það er af og frá. Að veiða á flugu er að



Óskar Gunnarsson með 85cm fisk

mínu mati skemmtilegasta veiðiaðferðin, en takið eftir að mínu mati. Ég veiði líka á maðk og spón þegar flugan hentar mér ekki til veiða. Ég virði alla veiðimenn, sama á hvað agn þeir veiða, svo lengi sem farið er eftir reglum á hverjum stað fyrir sig. Ég vil sjá fleiri myndir af veiðimönnum með afla hvort sem hann er lífs eða liðinn. Í dag birtast eingöngu orðið myndir af fiskum þar sem verið er að sleppa eða verið að gera sig kláran í að sleppa fiski. Það eru flottar myndir. En mig langar líka til að sjá myndir af fallegum fiski sem á að enda á veisluborði viðkomandi veiðimanns. Uppskriftir af góðum veiddum laxfiski sjást varla orðið lengur, þar sem enginn vill láta vita af því að hann er að elda fisk. Hann verður spurður að því hvar hann hafi fengið hann og hvað hann hafi tekið. Við þurfum að staldra aðeins við!

Ekkert veit ég jafn kjánalegt og þegar menn benda á að það sé ekkert mál að hafa lax í matinn, fara bara í næstu fiskbúð og kaupa sér eldislax. Svo í hinu orðinu þá er verið, réttilega, að benda á að laxeldi í sjó sé mjög slæmt fyrir náttúruna og við hvött til að versla ekki sjóalinn lax. En ef ég bara vil alls ekki kaupa eldislax, hvort sem hann er alinn í sjó eða á landi. Sumum finnst það vera dýraníð að ala lax í lokuðum kvíum. Svona eru nú misjafnar skoðanir fólks, en þær ber að virða.

Tökum nú höndum saman og ýtum þessum fordómum um veiðiaðferðir út í hafsauga. Virðum hvort annað og eigum yndislegar stundir á árbökkunum á komandi árum með góðum félögum. Klófestum þær á myndir og leyfum öðrum að njóta með okkur. Það er ekkert eitthvað eitt rétt umfram annað, þó svo að okkur finnst að okkar skoðun sé sú eina rétta.

Góðar stundir.
G.J.Ó

VEIÐIKORTIÐ
2020

Hvar veiðir þú í sumar?


VEIÐIKORTIÐ
2020

www.veidikortid.is

veidikortid.is /svfk



Hagaglúfur í Geirlandsá. Ljós. Garðar Ólafsson



Höfðabólshylur í Geirlandsá. Ljós. Garðar Ólafsson



Frá veiðimönnum...

Geirlandsá 6. maí

Bórarinn Gunnar Birgisson skrifar

Áttum góða daga í Geirlandsá þrátt fyrir að lítið hafi verið að gerast.

Lentum í ágætis mómenti við Garðana og settum í 7 fiska í röð, upstream á púpur, sá stærsti var 78 cm tekinn á Squirmy Wormy. Það var ekkert bókað í veiðibókina hjá hollinu sem var á undan ef það var selt.

Annars var húsið og aðkoman til fyrirmyndar.

Við þökkum fyrir okkur og vorum allir sammála um að prófa þetta næst að hausti til.

Vesturhópið að skila sínu að venju 22. júní

Guðmundur Guðjónsson skrifar

Vesturhóp er einstaklega fjölskylduvænt veiðisvæði.

VoV (Vötn og Veiði) er á sveimi um landið og verður á Vopnafirði næstu daga. En á leiðinni eru ýmis veiðivötn og ár, m.a. Vesturhóp, sem við kynntumst reyndar í fyrra. Reynslan af vatninu var frábær og erum við þó litlir vatnaveiðimenn.

Í fyrsta lagi hittum við veiðimenn sem voru í vatninu í vikunni og létu vel af. „Við fengum all nokkra góða urriða,“ sagði Tommy Za, stórveiðimaður og afgreiðslumaður í Veiðihorninu. Síðan fór sendinefnd frá VoV í vatnið og gekk ekki alveg eins vel, enda á vettvangi þegar síst skylði, um miðjan dag í sólinni. Þarna á að veiða kvölds og morgna. Veiðimenn sem voru á sveimi létu hins vegar vel af veiðinni í vatninu, en SVFK er þarna með frábæra aðstöðu fyrir veiðimenn og er þetta sérlega fjölskylduvænt svæði.

Hrolleifsdalsá 15. júlí

Styrmir Gauti Fjeldsted skrifar

Vorum um helgina og var lítið líf í ánni. Við náðum tveimur, öðrum á stað nr 17 og hinn fékkst í ósnum. Veiðistaðir nr 23 og ofar skiluðu hollinu á undan okkur nokkrum fiskum en við urðum ekki varir þar.

Rosa mikið af urriða í bókinni og spurning hvort bleikjan eigi ekki eftir að skila sér af fullum krafti.

Geirlandsá 14. júlí

Elvar Ágúst Ólafsson skrifar

Vorum þarna 6.-9. júlí. Félagi minn fékk tvo á fyrstu vaktinni og sá þriðji slapp. Urðum ekkert varir eftir það enda fengum við fánalega gott veður og var virkilega lítið vatn í ánni. Bleikjurnar



Július M. Jónsson með fallegan haustfisk í Geirlandsá

voru grillaðar og étnar með bestu lyst kvöldið eftir.

Hrolleifsdalsá 28. júlí

Ögmundur Erlendsson skrifar

Góð veiði í Hrollu síðustu daga og nóg af fiski um alla á. Takk fyrir okkur.

Geirlandsá 29. júlí

David Zehla skrifar

Fékk fallegan 10p. birting á flugu í Kleifarnefi í Geirlandsá í gær.

Hrolleifsdalsá 28. júlí

Ásgeir Ólafsson skrifar

Fórum saman fjórir félagar í Hrollu. Mættum á föstudegi í frekar vindasömu veðri. Gáfumst upp eftir rúma 2 tíma og árangurinn var aðeins ein bleikja.

Gærdagurinn var frábær og veðrið æðislegt. Veiddum vel uppi á efri svæðum og uppi á dal.

Það var mikið labbað í góðu veðri og því ákváðum við að sleppa því að veiða í morgun, enda menn orðnir saddir. Takk fyrir okkur.

Geirlandsá 6. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Hjörleifur Stefánsson og fjölskylda a gerðu það gott um verslunarmannahelgina í Geirlandsá. Þau fengu fjóra laxa og misstu tvo. Vatn var frekar lítið en fiskur

á nokkrum stöðum. Laxarnir komu á land í Ármótum, Kleifarnefi og Skóghyl. Allir 5-6 pund, flottur túr hjá þeim.

Grenlækur sv 4, 12. ágúst

Jóhann V Helgason skrifar

„Það er fullt af sjóbirting í flóðinu ég fór í háftíma að veiða þann 10. ágúst og fékk einn 6 p og missti fjóra. Mikið líf er í læknum. Fiskurinn tók Black Ghost.

P.s. það er búið að laga veginn og nú er hægt að keyra alla leið upp í Efri- Skurð á þurru.

Geirlandsá 19. ágúst

Gunnar Sigurdsson skrifar

Elvar Már Sigurgíslason fékk mariulax á svartan toby og einn Chernobyl lax (Hnúðlax) úr Kleifarnefi.

Grenlækur sv 4, 19. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Erum staddir í Grenlæk flóðinu og er búið að leggja nýjan veg um svæðið. Ættu veiðimenn að komast á litlum bílum um svæðið, bara frábært, ekkert vatn í veginum og ekkert vesen. Það er fiskur á svæðinu og vil ég hvetta veiðimenn að skoða hvað er laust af leyfum. Mitt uppáhaldsveiðisvæði og tala ekki um þegar færðin um svæðið er svona góð. Fengum einn nýgenginn, lúsugan, 12 pundara í Efri- Skurði. Náðum einnig að



landa öðrum 5 pundara eftir klukkutíma veiði.

Geirlandsá 20. ágúst

Gunnar Sigurdsson skrifar

Fengum 66 cm lax úr Kleifarnefi á rauða Frances cone og annan 60 cm langan á sama stað á Collie Dog cone.

Einn birtingur kom líka á land í dag og fékk Gunnar Sigurdsson hann í Ármótunum. Reyndist hann vera 75 cm langur og 4,7 kg.

Grenlækur sv 4, 20. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Það er flott veiði hérna. Grétar Sigurbjörnsson og Guðjón Kjartansson að fá tvo flotta birtinga. Bara flott. Vona að ykkur líki að fá fréttirnar svona beint af bakknum.

Grenlækur sv 4, 21. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Lukum veiði í hádeginu í dag í miklu roki, ca 20 metrum á sek og varla stætt. Enduðum með níu flotta birtinga og 3 urriða.

Geirlandsá 21. ágúst

Gunnar Sigurdsson skrifar

Við félagarnir vorum að ljúka veiðum í Geirlandinu, enduðum með 5 laxa, 2 sjóbirtinga og 2 hnúðlaxa.

Grenlækur sv 4, 27. ágúst

Grétar Ingólfur Guðlaugsson skrifar

2 birtingar komnir á land á fyrstu vaktinni í Grenlæk.

Geirlandsá 27. ágúst

Arnar Óskarsson skrifar

Hollið sem kláraði í dag endaði með 10 birtinga og tvo laxa.

88 cm birtingur í Geirlandsá 27. ágúst

Arnar Óskarsson skrifar

Áin hefur ekki farið varhluta af þurrkatið sumarsins og hefur veiðin alveg verið í takt við það framan af.

Það er að lifna yfir henni þessa dagana en fyrstu sjóbirtingsgöngur hafa sjálfsagt beðið í startholunum niður á söndum eftir fyrstu alvöru rigningum á svæðinu og eru veður að skipast í lofti og vonir um fyrstu alvöru „skotin“ að aukast til muna þessa stundina.

Hér höfum við fréttir af tveimur hollum



Alda Ögmundsdóttir á bökkum Hrolleifsdalsár

sem eru að glíma við gjörólíkar aðstæður á svæðinu.

Fyrst segjum við fréttir af holti sem Jón Gunnarsson var í forsvari fyrir „konutúr“ sem farin var dagana 23.-25. ágúst.

„Við vorum bara mjög sáttt við þetta, það var ekkert sérstakt vatn en við náðum samt að veiða 10 fiska, sex birtinga og fjóra laxa og allir fengu fisk sem var alveg meiriháttar“.

Fengust fjórir birtingana í Ármótunum og einn í Kleifarnefi, 1 lax fékkst í Ármótunum, 2 í Kleifarnefi og 1 í Höfðabólshyl. Fiskarnir voru ca frá 3 kg upp í tæp 6 kg.

Stærsta fiskinn veiddi Guðrún Guðmundsdóttir í Ármótunum og var það „fullorðins“ sjóbirtingur, 88 cm hrygna. Það var fiskur víða um ána að sögn Jóns og eitthvað af fiski að ganga þó svo að það væri lítið vatn, því til staðfestingar þá reyndist einn birtingana með halalús.

Hollið sem tók svo við af Jóni fékk fyrstu alvöru rigningarnar á svæðinu og rauk vatnshæðamælirinn sem staðsettur er í Flatarhyl upp um tæpan meter á sex tímum til miðnættis í gærkveldi. Rennslíð var 2 rúmmetrar á og jókst í 54 rúmmetra.

Við heyrðum aðeins í Sigursveini Bjarna Jónssyni í morgun en hann er einn þeirra sem eru í ánni núna.

„Pabbi fékk 9 punda lax í Ármótunum og ég fékk einn 3 punda lax í Kleifarnefi svo litaðist áin og var óveiðandi undir kvöld í gær. Ekkert varir núna og það var lítil úrkoma í nótt, áin aðeins skoluð en við erum ekki að finna fiskinn“.

Nú undir kvöld heyrðum við aftur í Sigursveini og hafa þeir félagar ekkert komist upp í gljúfur eða um miðbik árinna vegna flaumsins og urðu ekkert varir við fisk fyrir en seinnipartinn þegar þeir félagar náðu einum birting í Kleifarnefi, tveimur í Ármótunum og einum neðan brúar.

Veðurspáin sýnir áframhaldandi vætu næstu daga en ekkert í líkingu við þá rigningu sem var á svæðinu á síðasta sólarhringinn þannig að horfur eru góðar fyrir komandi veiðimenn.

Fréttir af birtingnum að austan. 28. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Líflegt er í ánum hjá okkur. Geirlandsá hefur verið að gefa flotta veiði bæði í birtingnum og laxinum og var síðasta holl með tíu flotta birtinga og eitthvað af löxum.

Einnig hefur verið flott veiði í Grenlæk sv 4 en ég var þar fyrir stuttu og fengust flottir birtingar sem voru upp í 12 pund. Hollið sem er núna í Grenlæknum er að setja í fiska og vegir eru flottir eftir að lagður var nýr vegur um svæðið.

Okkur vantar fréttir úr Fossálum og veiðimenn sem eru staddir þar mega láta vita af sér á síðunni hjá okkur, er nokkuð viss um að birtingurinn er mættur þar.

Jónkvísl hefur verið góð hef ég heyrt.

Fossálar 29. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Fyrstu birtingarnir eru komnir á land en hollið sem lauk veiðum í hádeginu fékk fjóra birtinga. Fyrsta vaktin hjá hollinu sem tók við af þeim í dag eru búnir að landa tveimur birtingum. Góðar fréttir fyrir framhaldið í þessari falletgu á. Takk fyrir fréttirnar Guðjón Sigurður Rúnarsson og félagar.

Fossálar 30. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Komnir fjórir birtingar á land, nú undir kvöld, upp í 8 pund hjá Guðjóni og félögum.



Frá veiðimönnum...

Jónskvísl og Sýrlækur 2. sept

Arnbjörn Arnbjörnsson skrifar

Vorum að klára í Jónskvísl. Fengum átta birtinga, 58-78 cm. Slatti er af fiski í ánni.

Geirlandsá 8. sept

Grétar Ingólfur Guðlaugsson skrifar

Vorum að enda í Geirlandinu með tíu birtinga og einn lax og misstum nokkra.

Fossálar 10. sept

Sigríður Ólafsdóttir skrifar

Vorum að koma úr Fossállum í dag, níu birtingar komu á land, 2,3 til 5 pund og nokkrir sem voru alveg nýrunnir. Þar fyrir utan var tveimur sleppt og við misstum nokkra. Sem sagt, góður veiðitúr.

Alltaf gaman í Fossállum. Takk fyrir okkur, Jón Þór, Ólafur Karl og Pétur.

Fossálar 16. sept

Ásgeir Ólafsson skrifar

Við Sigurður Ólafsson vorum að koma úr Fossállum. Skemmtum okkur vel í allskonar veðri. Fengum sjö birtinga (fjóra væna, einn miðlungs og tvo smærri). Fegurðin þarna nær manni alltaf.

Grenlækur sv 4, 20. sept

Óskar Færseth skrifar

Enduðum með tólf góða birtinga í Grenlæk. Mikil rigning allan tímann en góður hiti báða dagana.

Fossálar 22. sept

Óskar Færseth skrifar

Hjörleifur Stefánsson og félagar voru að enda flottan túr. Settu þeir í þrettán flotta birtinga og voru þeir allt upp í 8 pund. Flott vatn og fínar aðstæður. Fiskarnir fengust víða um ána og nokkrir fengust á flugu.

Líf og fjör í Geirlandsá 23. sept

Arnar Óskarsson skrifar

Eftir stórrigningar síðustu daga þá hefur færst aukið líf í Geirlandsá. Sennilega hefur litla Skaftárhlaupið ekki skemmt fyrir heldur. Fiskurinn virðist hafa spraut-



Guðjón Þórhallsson á bökkum Geirlandsár

ast upp í ána við þessar aðstæður. Eins og hann hafi þurft smá hvatningu til að láta vaða yfir sandana neðar í vatnakerfinu.

Við fengum fréttir af tveimur hollum dagana 18.-20. og 20.-22. sept.

Jón Þröstur Jóhannesson var einn þeirra sem var í fyrri hópnum og gefum við honum orðið;

„Vorur að koma félagarnir úr Geirlandinu, veiðin var nokkuð góð og fiskur í öllum veiðistöðum frá Görðum upp að fossi, bæði nýrunninn og leginn í bland. Við fengum 20 fiska og þar af var einn lúsugur lax veiddur síðasta morguninn í Ármótunum ásamt nýgengum birtingum.

Stærstu birtingarnir voru tæp 7 kg og rúm 8 kg. Gott vatn var á svæðinu og var fært upp í gljúfur á þremur vöktum.“

Þá misstu þeir félagar rosalegan fisk í Höfðabólshyl en sá rauk um allan hyl og

sleit sambandi sínu við veiðimanninn er hann renndi sér niður í rennuna neðan við veiðistaðinn Lundasteina, gerðist þetta í kafavatni eins og áður hefur komið fram og réði veiðimaðurinn aldrei ferðinni.

Við tókum púlsinn á Sigurgeir Jóhannssyni sem var í seinni hópnum;

„Það var mikið líf og fiskur um alla á og flottar aðstæður. Við fengum 22 fiska í heildina og voru 19 þeirra birtingar. Stærstur var 76 cm birtingur sem ég landaði og sleppti aftur í Tóftarhyl, eins fengum við einn ansi sveran upp í Hagafossi. Að auki missti ég boltafisk í Tóftarhyl sem ég reyndar náði að sjá áður en hann fór af. Töluvert var af nýgengnum 3-5 punda geldfiski á svæðinu og útlitið gott fyrir næstu daga.“



TSA ehf.

Brekkustíg 38 • 260 Reykjanesbær

**Nýsmíði • Viðhald
Innréttingar • Blikksmíði**

Ari Einarsson sími 894 0354

Stefán G. Einarsson sími 896 2788

Netfang: tsa@tsa.is • Veffang www.tsa.is



Alvöru „skot“ í Geirlandsá 27. Sept

Arnar Óskarsson skrifar

Holl sem var við veiðar 22.-24. sept lenti heldur betur í „skoti“ en áin er búin að vera í flottu formi síðustu vikuna, ríkjandi austanáttir, 10-14 stiga hiti ásamt rigningum og miklu vatni sem hafa komið öllu af stað. Hafa menn komist þökkalega um ána en þó ekki verið á allra færi að vaða mikið þegar hún er í svo miklum ham. Áðurnefnt holl fór um alla á, á hörkuni einni saman og komust menn upp í gljúfur og á miðsvæðið allar vaktir við erfiðan leik en þó ekki upp fyrir Eyjahyl sökum vatns.

Þessi eljusemi skilaði sér heldur betur því þegar upp var staðið höfðu menn náð að landa 37 fiskum og sett í miklu fleiri. Var fiskur upp um alla á og urðu menn varir nánast á öllum stöðum sem farið var í.

Skiptist veiðin þannig að Eyjahylur gaf 11 fiska, Mörtungunefið sömuleiðis 11 fiska, Tóftarhylur 5, Ármótin 3, Marðarhelli 2, Rafstöðvastrengur 1, Breiðtorfuhylur 1, Kleifarnefið 1 og Skóghylur gaf 1.

Stærstur var rúmlega 8 kg og 88 cm hængur sem greip spón í Rafstöðvastreng en hann náðist á land í Fernishyl eftir mikla baráttu.

Þá setti Ólafur Valur Guðjónsson í svakalegan fisk í Mörtungunefi á síðustu vaktinni.

Félaginn var með tvíhendu og hélt í fyrstu að það væri fast í botni en áttaði sig fljótlega á því að á endanum væri fiskur og að flugan sæti föst í bakugga fisksins. Af þeim sökum nennti veiðimaðurinn varla að eiga við fiskinn og tók því allhressilega á honum til að rífa fluguna lausa, tvíhendan var komin í hring, flugan hreyfðist ekki og því síður fiskurinn. Þá fyrst rann upp fyrir félögnum á bakk-anum að þessi fiskur væri meira en lítið stór.

Til að gera langa sögu stutta þá tók við baráttu í töluverðan tíma þar sem fiskurinn teymdi þá félagan niður í Rafstöðvastrenginn fyrir neðan þaðan sem eltingarleikurinn hélt svo á áfram niður í Fernishyl.

Þegar þangað var komið voru bæði veiðimaður og fiskur að verða uppgefnir. Fiskurinn kom svo rólega inn að eyrinni þannig að þeir gátu séð dýrið mjög vel en í þann mund er hann strandaði þá losnaði úr honum. Fiskur og maður horfðust hissa í augu í smástund en sá sem var með spordinn var fljótari að átta sig og dreif sig aftur í djúpið.

Fiskurinn var sjónmældur aldrei minni en 95-100 cm langur og höfðu þeir veiðifélagar ágætis samanburð því þeir höfðu rétt áður landað og sleppt 83 cm birtingi. „Það var svekkjandi að koma ekki mál-



Þorsteinn Einarsson með fisk í Ármótunum

bandi á fiskinn áður en hann slapp því þetta er langstærsti fiskur sem ég hef nokkurn tíman séð“ lét Ólafur hafa eftir sér er hann kom í hús.

Af þessum 37 birtingum þá voru 10 fiskar áætlaðir um og yfir 5 kg. Þriggja fiska kvóti er á stöng pr dag og 16 fiskum var sleppt aftur.

Þó áin hafi alltaf verið þekkt m.a. fyrir stórvaxinn birting þá er sérlega ánægjulegt að vita til þess að fiskum í „yfirstærðum“ sé að fjölga sem vafalaust má rekja til samspils breytts viðhorfs til veiðinnar, aukinnar viðleitni veiðimanna um að sleppa fiski aftur, ásamt aðgerðum sem félagið hefur farið í er varðar sleppiskyldu og hóflegan kvóta. Þá hafa einnig mörg undanfarin ár verið sérlega góð náttúruleg skilyrði fyrir sjóbirtinginn sem virðist í mikilli sókn á landsvísu.

Geirlandsá 28. sept

Óskar Færseth skrifar

Falur Helgi Daðason og félagar settu vel í hann í Geirlandinu dagana 24.-26. sept er þeir lönduðu 14 fallegum birtingum sem vógu upp 12 pund, mikið vatn og erfitt á köflum.

Fossálar 30. sept

Jens Kristinsson skrifar

5.5kg og 80cm landað á veiðistað nr 16 í Fossáum. Setti í fjóra birtinga sem voru allir af stærri gerðinni náði að landa þessum eina, sáum ekkert til minni birtinga.

Fossálar 30. sept

Jóhann Þormar skrifar

Vorum í Fossáunum 24.-26. sept. Fengum níu fiska. Kristinn fékk stærsta sem var 76cm og Magni rétt á eftir honum með 74cm.

Fossálar 30. sept

Jóhann Issi Hallgrímsson skrifar

Hjördís alveg með þetta í Geirlandsá. Fyrsti fiskurinn hjá henni.

Jónskvísl og Sýrlækur 1. okt

Stefanía Helga Björnsdóttir skrifar

Veiðifélagið Votar varir fór í sinn árlega túr í Jónskvíslina dagana 24.-26. sept. Að vanda var þetta alveg svakalega skemmtileg ferð þó svo að veðurguðirnir hafi ákveðið að vökva okkur vel og blása eins og enginn væri morgundagurinn. Við létum það ekki á okkur fá og börðum ána frá morgni til kvölds. Það bar árangur og lönduðum við fimm birtingum og einum kola. Nokkrir birtingar voru heppnari en aðrir og sluppu með skrekkinn. Frábær ferð í alla staði, takk fyrir okkur SVFK. Kær veiðikveðja frá VOTUM VÖRUM

Grenlækur sv 4, 6. okt

Óskar Færseth skrifar

Vorum að enda í dag í læknum og enduðum í tuttugu flottum birtingum. Rigning og rok á heila deginum en fínt í morgun.

Geirlandsá, 9. okt

Grétar Ingólfur Guðlaugsson skrifar

Erum að byrja í Geirlandinu, mikið líf og sextán fiskar komnir á fyrstu 4 tím-unum og sjö af þeim sleppt.

Geirlandsá, 10. okt

Grétar Ingólfur Guðlaugsson skrifar

Vorum að klára í Geirlandinu, þrjátíu fiskar komu á land og fiskur um alla á.

BERGRAF EHF



Frá skrifstofu...

Upplýsingar

Stangveiðifélag Keflavíkur

Hafnargötu 15 eh

230 Keflavík

S: 421 2888

Heimasíða og vefverslun: www.svfk.is

Netfang: svfk@svfk.is

Athugið breyttan opnunartíma skrifstofu

Skrifstofa SVFK er opin frá kl. 18:30-20:30 á mánudags og fimmtudagskvöldum eftir að forúthlutun lýkur og verður svo til 12. apríl

Við vekjum sérstaka athygli á breyttum opnunartíma frá 12. apríl til 18. okt þar sem skrifstofan verður þá opin einu sinni í viku og verður það á miðvikudagskvöldum frá kl 18:30-20:30

Innheimta félagsgjalda

Allir félagar fá í janúar, ár hvert, senda rukkun í heimabanka vegna félagsgjalda og viljum við minna félagsmenn á að greiða þá sem fyrst.

Aðeins skuldlausir félagar koma til greina við úthlutun leyfa.

Hafi einhverjir ekki fengið senda rukkun þá biðjum við viðkomandi að hafa samband við skrifstofu sem allra fyrst. Þeir sem skulda tvö árgjöld eða fleiri eiga á hættu að verða felldir út af félagaskrá samkvæmt lögum félagsins en þurfa samt



sem áður að standa skil á útistandandi ógreiddum félagsgjöldum. Jafnframt skal það ítrekað að þeir sem ætla að segja sig úr félaginu þurfa að gera það skriflega, og afhenda það eða senda skrifstofu félagsins.

Úthlutun og sala veiðileyfa SVFK fyrir árið 2020

Umsóknir berist félaginu á þar til gerðu umsóknarformi sem er að finna á heimasíðu félagsins fyrir kl 16 þriðjudaginn 17. mars.

Eiga allir að fá senda staðfestingu á móttöku í tölvupósti frá félaginu, fyrr er

umsóknin ekki gild.

Einnig má setja umsóknir í póstkassa félagsins að Hafnargötu 15.

Afgreiðsla veiðileyfa verður sem hér segir:

Félagsmenn menn skulu athuga með veiðileyfin sín á úthlutunardeginum sem er fimmtudagurinn 19. mars frá kl. 18:30 -20:30 með því að mæta á skrifstofuna senda tölvupóst eða hringja.

Þeir sem ekki athuga með veiðileyfin sín þann 19. mars geta átt von á því að missa veiðileyfin sín fyrirvaralaust.

A

TRÉSMÍÐI
REYKJANESBÆ
893 9329
898 6945

Gjalddagi veiðileyfa og greiðslutilhögun:

Veiðileyfi í vorveiði þarf að greiða að fullu á úthlutunardögum.

Sumar og haustleyfi verði staðfest með 30% greiðslu á úthlutunardögum.

Félagsmönnum ber að ganga frá fulln-áðaruppgjöri 19. apríl.

Eftir 19. apríl fara þau leyfi sem verða ófrágengin í almenna sölu.

Athugið að 30% staðfestingargjald er óendurkræft að þeim tíma liðnum.

Hægt er að greiða í heimabanka eða koma á skrifstofutíma.

Bankanúmer SVFK 0542-26-2953, kennitala er 620269-0509.

Vinsamlega sendið greiðslukvittun í tövupósti á www.svfk@svfk.is

Heimasíða félagsins

www.svfk.is

Hægt er að sækja um veiðileyfi í forúthlutun og nálgast allar helstu upplýsingar um öll okkar ársvæði. Á vefnum má einnig finna það sem hæst ber hverju sinni en betur má ef duga skal og eru allar ábendingar um efni frá félagsmönnum vel þegnar á netfangið svfk@svfk.is.

Vefverslun/almenn sala veiðileyfa

Vefverslunin er inni á heimasíðu félagsins www.svfk.is og er hægt að kaupa og ganga frá kaupum á veiðileyfum í greiðslugáttinni þar.

Leitið endilega að SVFK á fésbókinni þar sem menn skiptast á fréttum og upplýsingum.

Eftir forúthlutun verður vefverslunin sett í loftið þar sem öllum er gefin kostur á að kaupa veiðileyfi með greiðslukortum og geta prentað út leyfi ofl uppl.

Veiðikortið 2020

Félagsmönnum í Stangaveiðifélagi Keflavíkur býðst kortið á kr. 6,300,- en almennt verð er kr. 7,900,-

Til þess að nýta sér tilboðið þarf að fara á heimasíðu SVFK og smella á auglýsinguna fyrir veiðikortið.



Búferlaflutningar

Félagsmenn sem flytja búferlum eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna það skrifstofu.

Félags- og inntökugjöld í SVFK

Inntökugjald:

kr. 10.500 fyrir 16 ára og eldri, kr. 5.250 fyrir yngri en 16 ára, maka félagsmanna. Í inntökugjaldi er innifalið inntöku- og félagsgjald fyrsta árið.

Félagsgjald:

kr. 8.000 fyrir 16 ára til 67 ára, kr. 3.250 fyrir yngri en 16 ára, maka félagsmanna og 67 ára og eldri

Af hverju að gerast félagi í SVFK?

1. Forgangur í allar ár sem félagið hefur upp á að bjóða.
2. 15% afsláttur af öllum veiðileyfum
3. Veiðikortið með afslætti.
4. Færð sent veglegt félagssblað einu sinni á ári.
5. Aðgangur að veiðimannakvöldvökum og veglegri árshátíð félagsins.
6. Aðgangur að niðurgreiddum kast- og fluguhnýtingar námskeiðum.

Kastað á Sunnubrautinni

Félagið stóð fyrir flugukastnámskeiði í byrjun júní á síðasta ári.

Námskeiðið var opið öllum en félagið niðurgreiddi þáttökugjaldið fyrir félagsmenn.

Var það haldið í Íþróttahúsinu á Sunnubraut þar sem hver og einn gat mætt með sínar eigin græjur en einnig voru uppsettar stangir á staðnum fyrir þá sem þurftu á því að halda.

Kastað var tvö kvöld í tvo tíma í senn.

Leiðbeinandi var Hjörleifur Steinarsson.

Þótti takast vel til og er ætlunin að endurtaka leikinn aftur áður en langt um líður.



Almennar umgengni og veiðireglur S.V.F.K.

Brot á reglum varðar refsingu skv. lögum S.V.F.K. og skv. landslögum þar sem við á

I.

Veiðimenn skulu bera á sér veiðileyfi sitt og sýna það veiðiverði ef óskað er. **Veiðileyfin eru gefin út á nafn og er framsal óheimilt nema með samþykki félagsins.** Veiðiverðir hafa heimild til að skoða veiðitæki og feng. Skráið vel og skilmerkilega í veiðibækurnar. Leyfið tóku hreistursýna ef óskað er.

II.

Leyfilegt er, á öllum ársvæðum SVFK, að tveir veiðimenn séu saman um stöng og skulu þeir fylgjast að við veiðarnar. **Það er mjög alvarlegt brot ef veiðimenn sem eru saman um stöng veiða samtímis.** Varðar það brottrekstur beggja úr ánni þegar í stað, upptöku afla og frekari refsingu eftir því sem við á. Skipting á tíma á sitt hvorum stað við ána er óheimil.

III.

Kappkostið að ganga vel um veiðisvæðið. Fleygið ekki rusli í árnar, á árbakkana eða á viðavangi. Hlífið gróðri og valdið ekki jarðraski. Forðist akstur utan venjulegra ökuslóða. Lokið girðingahliðum.

IV.

Í öllum veiðihúsum S.V.F.K. eru rúmstæði með dýnum, eldunaraðstaða, áhöld til matreiðslu og borðbúnaður. Veiðimenn þurfa að hafa sængur ásamt sængurfötum meðferðis. Veiðimönnum ber að ganga vel um veiðihúsin og umhverfi þeirra og skila þeim ásamt öllum búnaði hreinum og vel frá gengnum í hendur þeirra sem næstir koma. **Veiðimenn eiga rétt á að koma í veiðihúsin einni klukkustund áður en veiðitími þeirra hefst.** Vinsamlegast komið ekki að veiðihúsum fyrir tilsettan tíma. Það truflar þá sem þar starfa að frágangi. **Veiðimenn skulu rýma húsin klukkan 14 á brottfarardag.** Sé einhverju ábótavant í húsunum er þess vænst af félagsmönnum S.V.F.K. að þeir bæti þar um, eftir því sem við verður komið. Sé frekari úrbóta þörf skal formanni árnefndar gert viðvart. Í veiðihúsunum eru upplýsingar um árnefndarformenn á hverjum stað.



V.

Á flestum veiðisvæðum gilda einhverjar sérreglur og er þær að finna í viðkomandi veiðihúsum. Veiðimönnum ber að kynna sér þessar reglur áður en þeir hefja veiði. **Vanræksla þar um veitir enga afsökun.**

Frábært verð og úrval

Í BYKO SUÐURNESJUM!



BYKO Suðurnes - Sími: 421 7000

Opið: Virka daga frá 8-18
og laugardaga frá 10-14





Skýrsla vegna bikarúthlutunar SVFK 2019

1. Bakarabikarinn

Hann er veittur félagsmanni fyrir stærsta veiddan lax á svæðum félagsins og er það Sigurjónsbakarí sem gefur þennan veglega farandgrip.



Það eru tveir sem unnu til þessara verðlauna.

Bikarinn var annarsvegjar veittur fyrir 4,7 kg lax sem veiddist á Hammer í Ármótum í Geirlandsá 25. ágúst. Laxinn reyndist vera 80 cm löng hrygna. **Veidimaðurinn er Jón Bjarni Sigursveinsson.**

Hinsvegjar var svo bikarinn veittur fyrir 4,7 kg lax sem einnig veiddist í Geirlandsá. Í þetta sinn á Lyppu í Tóftarhyl þann 14. september. Fiskurinn var 79 cm löng hrygna.

Veidimaðurinn er Gunnar J Óskarsson.

2. Flugumaðurinn

Það er AM Trésmíði sem gefur þennan glæsilega bikar og er hann árlega veittur þeim félagsmanni sem veiðir flesta flugulaxa á svæðum félagsins í einni veiðiferð.



Bikarinn var veittur fyrir 2 laxa en það var í veiðitúr sem farin var í Geirlandsá dagana 19.-21. ágúst.

Annar laxanna féll fyrir Collie Dog ¾ conehead túpu og hinn fékkst á Svartan Nobbler nr 14 m/teygju. Báðir veiddust þeir á þeim mikla veiðistað Kleifarnefi. Annar laxanna reyndist Hnúðlax.

Veidimaðurinn er Gunnar Sigurðsson.



3. Kvennabikarinn

Þennan bikar gaf Sportbúð Óskars 1991 og er hann veittur fyrir stærsta fisk sem eiginkona félagsmanns eða félagsbundin kona veiðir.



Bikarinn var veittur fyrir stóran sjóbirting sem veiddist í Geirlandsá 25. ágúst.

Fékkst fiskurinn á maðk á þeim fræga veiðistað Ármótum. Eftir heljarmikil átök þá var 88 cm langri hrygna landað og vóg hún 5,8 kg.

Veidikonan er Guðrún Guðmundsdóttir.

4. Verkfræðistofubikarinn

Þennan glæsilega grip gefur Verkfræðistofa Suðurnesja og er hann veittur konu fyrir stærsta flugufisk á svæðum félagsins.



Að þessu sinni var hann veittur fyrir fallegan 5,1 kg sjóbirting sem gein við Black Ghost. Fiskurinn fékkst í Eyvindarhyl í Jónskvísl þann 17. okt.

Veidikonan er Benedikta Benediksdóttir.

5. Verkalýðsbikarinn

Gefinn af Verkalýðs og sjómannafélagi Keflavíkur árið 2000. Hann skal veita börnum eða unglungum undir 16 ára aldri fyrir stærsta veiddan fisk á svæðum félagsins.

Þessi gripur gengur því miður ekki út í ár, sökum vöntunar á heppnum ungum veiðimönnum.

6. Flugubikarinn.

Þessi bikar var gefinn af Stangveiðifélagi Hafnarfjarðar 22. nóvember 1998 í tilefni 50 ára afmælis SVFK.

Hann er veittur félagsmanni fyrir stærsta veiddan lax á flugu á svæðum félagsins.

Þessi gripur var að þessu sinni veittur fyrir lax sem veiddur var í Hrolleifsdalsá þann 7. september. Fiskurinn sem var hængur, fékkst á veiðistað nr 15 á Flæða-

mús. Reyndist hann vera 76 cm langur og 3,7 kg.

Veidimaðurinn er Örn Snævar Ólafsson.


7. Flugubikar yngsta veiðimannsins

Konráð Lúðvíksson gaf þennan bikar 1987.

Hann gengur því miður ekki út að þessu sinni og viljum við nota tækifærið og hvetja foreldra til að halda ungvíðinu við efnið.

8. Fiskóbikarinn

Það er Gæludýraverslunin Fiskó sem gefur gripinn og er hann veittur fyrir stærsta veiddan sjóbirting á svæðum félagsins.



Bikarinn var veittur fyrir risafisk sem tók Lyppu í Rafstöðvarstreng í Geirlandsá þann 22. september. Reyndist hann vera 88 cm langur og 8,2 kg.

Veidimaðurinn er Gunnar J. Óskarsson.

9. V.Í.S. bikarinn.

Gefinn af Vátrygginga-félagi Íslands og skal hann veittur fyrir stærsta sjóbirting veiddan á flugu í sumar og haustveiði.



Það var 16. október sem landað var 6,8 kg hæng á Fossbreiðunni í Jónskvísl. Fiskurinn tók Black Ghost.

Veidimaðurinn er Björgvin Magnússon.





Villibráðar og uppskeruhátíð SVFK

-fór fram 16. nóvember í Oddfellow húsinu og óhætt er að segja að vel hafi tekist til

Tekið var á móti veislugestum með fordrykk og bauð Gunnar Óskarsson formaður félagsins gesti velkomna og setti hátíðina.

Sveinn Waage veislustjóri hélt vel utan um veisluna og sá til þess að öllum var vel skemmt.

Létu veislugestir vel að aðalatriði kvöldsins, kræsingum meistara Úlfars Finnbjörnssonar sem virðist alltaf getað

toppað sig en þess má geta að þetta er 11. árið í röð sem hann töfrar þessi ósköp fram.

Verðlaunaafhendingin var á sínum stað ásamt happdrættinu góða þar sem margir flottir vinningar gengu út.

Hljómsveitin Sue keyrði svo upp stemninguna í lokin og hélt dansgólfinu vel þéttu fram á nött.

Stjórn SVFK vill koma á framfæri

þakklæti til allra þeirra sem lögðu hönd á plóg til þess að gera hátíðina sem glæsilegasta.

Einnig viljum við þakka styrktaraðilum og þá sérstaklega veislugestum fyrir frábært kvöld, án ykkar er þetta ekki hægt.

Ljósmyndarinn Garðar Ólafsson sá um að fanga augnablikið á mynd og má sjá afraksturinn í meðfylgjandi myndasafni.





Fjölskylduparadís

Vesturhópsvatn



Verðskrá

Tvær aðskiptar íbúðir undir sama þaki með sérinngangi. Útleigu fylgir heimild til veiða með 4 stöngum með hvorri íbúð og afnot af bátum.

Tímabilið frá 5/6-10/8 ein íbúð. (sumar)
Sólarhringsleiga frá mánud.-föstud. verð kr. 17.000
Helgarleiga frá föstud.-mánud. (þrjár sólarhringar) kr 51.000

Tímabilið frá 10/8-5/6 ein íbúð. (haust,vetur,vor)
Sólarhringsleiga frá sunnud.-föstud. verð kr 15.000
Helgarleiga frá föstud.-sunnud (tveir sólarhringar) kr. 30.000

Allt innifalið í verði þ.e. íbúðin, 4 stangir og afnot af bát.

Staðsetning

Vesturhópsvatn er staðsett í Þverárhreppi í V.-Húnaþing. Hæð yfir sjó er 19 m. og flatarmál 10.3 km'. Mesta mælda dýpi er 28 m. Mesta lengd 6.9 km. og mesta breidd 2.3 km. Umhverfi vatnsins er mjög fagurt og gnæfir Borgarvirki yfir austurhluta þess. Vegalengdin frá Reykjanesbæ er um 250 km um Hvalfjarðargöng og er vatnið 24 km frá Hvamms-tanga. Fagurt umhverfi er við Vesturhópsvatn, og margt að skoða. Skammt austan vatnsins er blágrýtisstapi sem kallast Borgarvirki, 177 metra hár. Þar eru rústir af fornu virki en enginn veit hver hlóð það eða hvers vegna þótt þjóðsögur hermi að Víga-Barði Guðmundsson, sem frá segir í Heiðarvíga sögu og bjó í Ásbjarnarnesi við Hópið, hafi látið reisa það.

Veidihús

Mjög gott hús er við vatnið með tveimur aðskiptum íbúðum undir sama þaki. Í hvorri íbúð fyrir sig, sem eru um 50m², er svefnpláss fyrir amk. átta manns, sex í kojum og tveir í svefnsófa. Jafnvel geta tíu gist þar sem tvö rúmstæði eru ein og hálf breidd og eru þannig hentug fyrir fullorðin og barn. Húsið er rafvætt, eldavel með bakarofni og öll helstu raftæki. Baðherbergi með sturtu.





Á staðnum eru gasgrill fyrir hvora íbúð.

Leigjendum er heimilt að komast í hús kl 15.00 á komudegi og skulu vera búnir að rýma húsið fyrir kl 14 á brottfaradegi.

Athugið að við gatnamót inn á veg 716 rétt áður en komið er að vatninu eru sorpgámar þar sem dvalargestir geta losað sorp að dvöl lokinni.

Íbúðunum skal skila af sér vel þrífnum og allt rusl fjarlægjast.

Leigjendur leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, viskustykki og borðtuskur.

Björgunarvesti eru einnig á staðnum fyrir börn og fullorðna.

Árnefndarmenn eru þeir Guðmundur Óskarsson í síma 893-7212 og Ásgeir Húnbogason í síma 690 1662

Endilega verið í sambandi ef eitthvað er sem má betur fara eða er ábótavant í húsunum.

Leiðarlýsing að húsi

Ekinn er þjóðvegur 1 sem leið liggur norður í land um Hvalfjarðargöng. Ekið er framhjá afleggjaranum inn að Hvammstanga og eknir um 6,5 km í viðbót eða þar til beygt er til vinstri inn á Vatnsnesveg nr. 711. Þar er ekið sem leið liggur inn að vatninu um 11 km leið. Beygt er til hægri inn að einu sumarhúsa-byggðinni sem staðsett er vestanmegin við vatnið. Fylgt er eftir vegslóðanum um 700 mtr. þar til heimreið merkt SVFK blasir við..

Veidifyrirkomulag:

Heimild er til veiða með fjórum stöngum með hvorri íbúð fyrir sig og engin takmörkun á stöngum fyrir börn yngri en 12 ára. Daglegur veiðitími er frjáls þó annað komi fram á veiðileyfinu.

Einnig er heimilt er að leggja net yfir nóttina en þau eru ekki á staðnum.

Það eru aðrir bústaðir á svæðinu og fylgir netarétturinn öllum húsum.

Leyfilegt er að veiða alla strandlengjuna innan veiðimarka sem afmarkast



annarsvegjar við Klambranes og hinsvegjar lækjarins Kýrlágs sem er rétt sunnan við syðsta sumarbústaðinn.

Nýjrir bátar eru til afnota fyrir hvora íbúð ásamt árum og eru þeir merktir. Björgunarvesti eru á staðnum.

Veiði af bát takmarkast við áður uppgefinn veiðimörk en alls ekki nær en 150 mtr. frá strandlengjunni á móti. Heimilt er að sigla um allt vatn.

Veidin:

Allgóður fiskur er í vatninu. Aðal-fiskurinn er urriði en einnig er að finna bleikju og murtu. Bleikjan og urriðinn veiðast allt að 3-4 pund, en þorrinn er smærri.

Sjóbirtings og laxavon er einnig enda samgangur við sjó um Faxalæk og Viðidalsá. Dæmi eru um afarstóra fiska úr vatninu, allt að 6 til 7 kg. sjóbirtinga á seinni árum. Stærstu skráðu fiskar eru 12 kg. sjóbirtingur árið 1988 og 12 kg. vatnaurriði árið 1993.



VEIÐIMENN!

Haldið aflanum ferskum
í fiskikössum frá okkur

FRAUÐPLASTKASSAR
EINANGRUNARPLAST

BORGARPLAST

www.borgarplast.is
Völuvegur 31 - 31 A
270 Mosfellsbær
Ísland



Grenlækur

4. svæði - Fitjaflóð

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
19/5-21/5	4	17,000,00	19,500,00
27/5-29/5	4	17,000,00	19,500,00
6/6-8/6	4	11,000,00	12,650,00
14/6-16/6	4	11,000,00	12,650,00
26/6-28/6	4	11,000,00	12,650,00
4/7-6/7	4	14,000,00	16,100,00
12/7-14/7	4	14,000,00	16,100,00
24/7-26/7	4	14,000,00	16,100,00
*5/8-7/8	4	16,000,00	18,400,00
13/8-15/8	4	16,000,00	18,400,00
25/8-27/8	4	16,000,00	18,400,00
2/9-4/9	4	18,900,00	21,735,00
14/9-16/9	4	18,900,00	21,735,00
22/9-24/9	4	18,900,00	21,735,00
30/9-2/10	4	17,000,00	19,550,00
8/10-10/10	4	17,000,00	19,550,00
12/10-14/10	4	17,000,00	19,550,00

Veidihús er innifalið í öllum verðum

Ath! Veididagar SVH sem koma ekki til úthlutunar:
5/8-7/8

Veiditilhögun

Vorveiði

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga:

Tveggja daga holl
(hálfur, heill og hálfur dagur)

Veiditími: 7. maí - 20. júní

Agn: Fluga og spónn

Kvóti: 3 fiskar á stöng pr dag

Öllum niðurgöngufiski
(hrygningarfiski) skal sleppt
Allri bleikju skal sleppt

Sumar og haustveiði

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga:

Tveggja daga holl
(hálfur, heill og hálfur dagur)

Veiditími: 20. júní - 20. okt

Agn: Fluga, spónn og maðkur

Kvóti: 3 fiskar á stöng pr dag

Allri bleikju skal sleppt

Daglegur veiditími:

7. maí til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22

14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21



Veidihús

Staðsetning

Grenlækur er staðsettur í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um Grenlækjarsvæðið sem er eitt

það fengsælasta á landinu. Þetta svæði lengir sjóbirtingstímabilið þar sem hann veiðist mun fyrr hér en á þeim svæðum sem við eigum að venjast. Sjóbirtingsveiðin hefst í maí og er fram í júní. Þá tekur við veiði á staðbundum urriða og vænni bleikju. Um miðjan júlí eru svo mættar fyrstu alvöru sjóbirtingsgöngurnar og er fiskur að ganga út októbermánuð.

Leiðarlýsing að húsi

Beygt til hægri af Þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður



Sigurjón Héðinsson alsæll við Efri-skurð

en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóði sem liggur í hraunlendi meðfram túninu, niður brekku síðan er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.

Veidihús

Félagið á stórt og gott veiðihús sem er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið.

Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur)svefnherbergi í hinn. Gasgrill er á staðnum. Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en

veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Veidibók

Veidibók fyrir veiðimenn SVFK er staðsett í veiðihúsinu.

Skrá skal allan afla vel og skilmerkilega í veiðibók einnig þeim fiski sem er sleppt.

Það er mikilvægt að einstaklingskrá hvern fisk.

Leiðarlýsing að veiðisvæði

Frá húsinu er ekin leið sem liggur til baka á söndunum meðfram hraunlendinu og beygt til vinstri sem leið liggur yfir lækjarsprænu og sveigir slóðin niður á sandinn. Slóðanum er fylgt niður að brú yfir Grenlæk. Allra stærstu bílar komast ekki yfir brúna. Vinsamlegast lokið öllum hliðum á eftir ykkur.

Veidistaðalýsing

Svæðið afmarkast af skiltum við veiðisvæðaskil. Að ofan eru veiðiskilin við skilti ofan við Efri-Skurð, en að neðan við skilti sem er staðsett við Neðri-Skurð, neðan við brúna.

Ferðast er um austurbakka veiðisvæðisins því vesturbakkinn er tæplega fær öðrum en fuglinum fljúgandi. Einnig má fara um nánast allt Flóðið á vöðlum, en þó þarf að gæta fóta sinna því á stöku stað er botninn laus í sér. Eins getur gróður flækst fyrir fótum veiðimanna, einkum síðsumars.

Bátur er til ráðstöfunar fyrir veiðimenn.

Veiðisvæðið byrjar við tangann rétt ofan við Efri-Skurð en niður af honum breiðir lækurinn úr sér og nefnist þar Fitjaflóð eða Flóðið. Í Flóðinu má á sumrin finna ála með áberandi straumi en annars er vatnið þar kyrrt sem stöðuvatn.



Davíð Eyrbekk sáttur við Bátalægið

Margir telja veiðivon meiri í álonum en aðrir segja að best sé að kasta fyrir fisk við brúnirnar á sefbreiðunum. Enn aðrir segja að vesturbakkinn, þar sem drullupyttirnir eru, sé bestur. Neðri endi Flóðsins endar á svonefndri Trekt. Kvíslast áin þar eftir á milli hólma og síðan sameinast árvatnið aftur í svokölluðum Neðri-Skurði allt til neðri veiðimarka sem eru við girðingu spölkorn neðan við brúna. Ekki er síður von á sjóbirtingi í Trektinni og Neðra-Skurði en í Flóðinu og Efri-Skurði.

Veidin 2019

Veiðitölur fyrir síðasta ár lágu ekki nákvæmlega fyrir þegar þetta er ritað.

Vorveiðin hófst með látum og var hún góð fram í fyrstu viku af júní.

Fyrstu sjóbirtingsgöngurnar voru svo mættar um miðjan júlí og var veiðin ansi misjöfn á köflum í allt haust og var helst um að kenna mjög breytilegu veðurfari/vindáttum á svæðinu.

Meðalveiði síðustu 10 ára er rúmlega 600 fiskar, mest sjóbirtingur.



Óskar Færseth með boltafisk við Trektina

NS

Netaverkstaði Suðurnesja

Brekkustíg 41 - 260 Njaróvík
Sími 421 2270 & 421 2470

Jónskvísl og Sýrlækur

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
2/7-4/7	3	11,900,00	13,685,00
10/7-12/7	3	11,900,00	13,685,00
18/7-20/7	3	11,900,00	13,685,00
26/7-28/7	3	11,900,00	13,685,00
3/8-5/8	3	21,000,00	24,150,00
11/8-13/8	3	21,000,00	24,150,00
19/8-21/8	3	21,000,00	24,150,00
27/8-29/8	3	21,000,00	24,150,00
4/9-6/9	3	27,000,00	31,050,00
12/9-14/9	3	27,000,00	31,050,00
20/9-22/9	3	27,000,00	31,050,00
28/9-30/10	3	27,000,00	31,050,00
6/10-8/10	3	27,000,00	31,050,00

Veidihús innifalið í öllum verðum

Veiditilhögun

Sumar og haustveiði

Fjöldi stanga: 3

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)

Veiditími: 20. júní – 20. okt

Agn: Fluga, spónn og maðkur

Kvóti: 3 fiskar á stöng pr dag

Allri bleikju skal sleppt

Daglegur veiditími

30. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22

14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21

Staðsetning

Jónskvísl og Sýrlækur eru staðsettir í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs.

Árnar eru mjög fallegar og skemmtilegar. Þetta eru fyrst og fremst sjóbirtings- svæði en þó er aðalveiðin yfir sumartímann bleikja og staðbundinn urriði. Mjög gott aðgengi er að ánni.



Sólbjörg Hlöðversdóttir bregður á leik



Veidihús

Leiðarlýsing að húsi

Jónskvísl og Sýrlækur eru staðsettir í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs og er beygt til hægri af Þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri og er bærinn Fossar á vinstri hönd ásamt ánni og Arnardrangur er staðsettur við enda vegarins. Tekinn er vegslóði um girðing- arhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóðinn sem liggur í hraunlendi með- fram túninu, niður brekku, þá er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.

Vinsamlegast lokið öllum hliðum á eftir ykkur.

Veidihús

Félagið á stórt og gott veidihús sem er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið.

Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja

manna (kojur)svefnherbergi í hinni. Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veidimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Veidibók

Veidibókin fyrir Jónskvísl er við bæinn Fossa, vel merkt. Vinsamlegast skráið allan afla og setjið á sinn stað en ekki taka með upp í veiðihús þar sem hún gæti gleymst. Ástæðan fyrir þessari staðsetningu er sú að ekki öll veiðifélögin um Jónskvísl nota veiðihús SVFK.

Einnig er veiðibók í veiðihúsi SVFK og biðjum við okkar veiðimenn að skrifa veiðina í þá bók en alls ekki í báðar bækur.

Skrá skal allan afla vel og skilmerkilega í veiðibók einnig þeim fiski sem er sleppt.

Það er mikilvægt að einstaklingskrá hvern fisk.

Veidistaðalýsing

Efri skil veiðisvæðisins markast við svokallað Rafstöðvarlón ofan brúar og neðri skil sem er um 100 mtr. neðan við neðsta foss og ármótum Sýrlækjar en þar er belgur sem afmarkar neðri mörk.



Veidifélagið Votar varir gerði góða hluti í Jónskvísl

Jónskvísl er nánast einn samfelldur veiðistaður en þó eru nokkrir sérlega góðir hyljir og ber þar að nefna sérstaklega Eyvindarhyl sem getur geymt mikið af fiski. Fyrir neðan fossinn er svo góður veiðistaður sem mikið veiðist í árlega. Þá má ekki gleyma Sýrlæk sem er oft vanmetin vegna smæðar en árlega veiðast stórir fiskar í honum. Stór bleikja er í Jónskvísl en hún er yfirleitt um 3-6 pund og veiðist þá helst í júní-ágúst en eftir

það virðist hlutdeild hennar minnka.

Veidin 2019

Veidin var með miklum ágætum og áin með eindæmum vinsæl og komast færri að en vilja. Fiskurinn var mættur snemma upp í Kvislina og voru fyrstu fiskar að veiðast rétt um miðjan júlí og hélt veiðin nokkuð jöfn út tímabilið. Endanlegar tölur lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun.



Fannar Ingi Arnbjörnsson með flottan birting



Geirlandsá

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Vorveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
3/4-19/4	4	25.500,-	29.325,-
19/4-1/5	4	19.900,-	22.885,-
1/5-31/5	4	12.900,-	14.840,-

Vikudvöl

Fimmtud.-fimmtud. með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
31/5-14/6	4	2.600,-	2.990,-

Sumarveiði

Þriggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
20/6-2/8	4	4.900,-	5.635,-
2/8-5/8	4	8.200,-	9.430,-

Hautveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
5/8-7/8	4	15.000,-	17.250,-
7/8-13/8	4	22.600,-	25.990,-
13/8-31/8	4	26.000,-	29.900,-
31/8-18/10	4	52.200,-	60.030,-

Veidihús er innifalið í öllum verðum.

Ath. vegna happdrættis, bænda og veiðidaga SVH koma eftirtaldir dagar ekki til úthlutunar: 22/6-29/6, 27/8-29/8 og 16/9-18/9

Veiditilhögun

Vorveiði

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill, og hálfur dagur)

Veiditími: 1. apríl – 31. maí

Agn: Fuga og spónn

Kvóti: 3 fiskar á stöng pr dag

Öllum niðurgöngufiski (hrygningarfiski) skal sleppt

Sumarveiði

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga: Þriggja daga holl (hálfur, heill, heill og hálfur dagur)

Veiditími: 20. júní – 5. ágúst

Agn: Fluga, spónn og maðkur

Kvóti: 3 fiskar á stöng pr dag

Æskilegt að sleppa öllum sjóbirting sem er 70 cm eða yfir

Hautveiði

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)

Veiditími: 5. ágúst – 18. október

Agn: Fluga, spónn og maðkur

Kvóti: 3 fiskar á stöng pr dag

Æskilegt að sleppa öllum sjóbirting sem er 70 cm eða yfir


Daglegur veiditími:

1. apríl – 1. maí frá kl 7-13 og 15-21

1. maí – 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22

14. ágúst – 18. október frá kl 7-13 og 15-21

Seld eru leyfi til 18. október þar sem leyfi fékkst fyrir framlengingu síðasta ár, ef einhverra hluta vegna framlenging verði ekki heimilud verða þau veiðileyfi sem seld eru þann tíma endurgreidd. Einnig er rétt að vekja athygli á því að einnig gæti orðið um veiðitakmarkanir á einhvern hátt að ræða í framlengingu t.d. eingöngu veitt á flugu og jafnvel sleppiskyldu á veiddum fiski.



Veidihús Geirlandsár

Staðsetning

Geirlandsá á Síðu er staðsett í V-Skaftafellssýslu og er án vafa ein af bestu sjóbirtingsám landsins.

Veidivon er fyrst og fremst mjög vænn



Grétar Guðlaugsson með lax úr Kleifarnefi

sjóbirtingur með þó nokkurri laxveiði og bleikjuvon.

Áin er 22 km löng bergvatnsá og á upptök sín í Geirlandsárbotnum sem er í 500-600 m.h.y.s. upp á vesturhálandi Kaldbaks. Fiskgengi hluti árinna er um 12 km langur sem nær upp að Hagafossi. Fyrir neðan fossinn rennur áin í hrikalega fögrum gljúfrum sem breikka svo er neðar dregur en þar fer áin að sveigja um gljúfurbotninn og rennur svo um flatlandi þar sem malarbotn er og að lokum á söndum.

Leiðarlýsing að húsi

Ekið er sem leið liggur eftir þjóðvegi 1 til Kirkjubæjarklausturs. Beygt er við hringtorgið á Kirkjubæjarklaustri og keyrt inn áfram um 3 km á veg 203 sem er Geirlandsvegur.

Þar skammt innan við bæinn Geirland er tekin vinstri beygja inn heimreiðina að veiðihúsinu sem er staðsett í skógarlundi undir fjallinu Kylli.

Veiðihús

Gott veiðihús er við ána með fjórum tveggja manna herbergjum (kojur), eldhúsi, setustofu, baðherbergi með salerni og sturtu. Útbúið helstu raftækjum ásamt eldavél með bakarofni.

Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfaradag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Öll aðstaða við Geirlandsá er góð og hvetjum við fólk til þess að nýta sér þann



Jón Bjarni Sigursveinsson með nýrunninn lax í Ármótunum

möguleika að kaupa veiðileyfi á sumartímanum gegn vægu gjaldi og njóta hússins og útiverunnar.

Ódýr sumarleyfi

Tíminn frá 21. júní til 5. ágúst eru seldir 3 dagar saman.

(hálfur, heill, heill, hálfur dagur)

Leyfilegt er að veiða á fjórar stangir þessa sumardaga.

Hvert holl kostar til félagsmanna 58,800 krónur nema tímabilið 2/8-5/8 sem kostar kr. 98,400.

Veiðin 2019

Í ár veiddust 782 sjóbirtingar, 35 lax og 11 bleikjur.

Í vor veiddust 521 sjóbirtingur, 373 voru á flugu en 148 á spún og var 446 birtingum sleppt aftur.

Alls var 501 sjóbirtingi sleppt í ár.

Vorveiði	521 sjóbirtingur.
Hautveiði	261 sjóbirtingur.
Laxveiði	35 laxar.

Yngstu veiðimennirnir

Þetta árið var enginn veiðistrákur eða stelpa skráð í veiðibók á aldri sem fellur í þann hóp sem við köllum „Yngstu veiðimennirnir“. Hvetjum við foreldra til þess að muna eftir að skrá aldur ungu veiðihetjanna, svo við getum sett inn hérna smá pistil um afrek þeirra.

Stærstu fiskarnir

Eins og vel er þekkt á þessu svæði veiðast á hverju ári stórir sjóbirtingar. Í haust veiddust 39 birtingar yfir 80 cm, miða má við að 80 cm sjóbirtingur sé rúmlega 5.0 kg að þyngd, sem er mjög gott hlutfall af haustveiðinni.

Í vor var mikið af stórum fiski á ferðinni og veiddust hvorki fleiri né færri en 82 birtingar sem voru 80 cm og yfir. Haldið ykkur nú, af þessum fjölda voru 15 birtingar yfir 90 cm. Þetta er ótrúlegt hlutfall, og tekur af allan vafa um það á hvaða braut félagið er á bökkum Geirlandsár.

Þann 8. apríl er skráður í bók birtingur sem mælist hvorki meira né minna en 103 cm og er það Arthur Karlsson sem er skráður fyrir þessum fiski sem veiddist í Ármótunum. Var þetta hængur og var hann tekinn á flugu sem ekki er nefnd í veiðibók. Þá setti Gunnar J. Óskarsson í sjóbirting þann 1. apríl og reyndist hann vera hængur sem var 95 cm að lengd. Var það flugan Black Ghost sem gaf þetta tröll og veiðistaðurinn var Ármót. Björn Víkingur var á ferðinni við Ármótin þann



Sigurgeir Jóhannsson með fallegan 76cm birting úr Tóftarhyl

10. apríl og setti hann í einn af þessum stóru sem voru á sveimi í Geirlandsánni þetta vorið. Reyndist hann vera 95 cm að lengd en kyn er ekki tekið fram í veiðibók. Var það Hammer sem gaf þennan mikla fisk.

Í haust var einnig mikið af stórfiski á ferðinni og ætlum við að minnst á þá stærstu. Magnús Árnason var við veiðar við Mörtungunef þann 15. okt og setur í og landar hrygnu sem reyndist vera 90 cm og var sleppt. Er einungis merkt við reitinn „annað“ í veiðibók þannig að ekki er hægt að gefa nánari upplýsingar um agn. Gunnar J. Óskarsson var á ferðinni við Rafstöðvarstrenginn 22. sept og setti í 88 cm hæng sem var 8.2 kg. Tók þessi bolti Lyppuna hjá Gunnari.

Stærsta laxinn á þessu ári setti Andrés Ari Ottósson í á maðkinn í Kleifarnefi 23. ágúst og reyndist hann vera 5,1 kg hrygna, 81 cm löng.

Flugufiskar

Stærsta sjóbirtinginn á flugu fékk K. Vilhjálmsson, eftir því sem við náum best að lesa úr veiðibókinni. Þetta var 10. okt í Fernishyl, reyndist vera hrygna sem skellti sér á fluguna Rektor og var henni sleppt að viðureign lokinni. Þá má nefna að sami K. Vilhjálmsson landaði öðrum svona bolta í Fernishyl í sömu ferð og var það hrygna sem var skráð 6.0 kg og 83 cm að lengd. Varð það sama fluga og áður, Rektor, sem gaf þennan fisk.

Stærsta laxinn á flugu fékk Ingipór A. Sigurgíslason og tók hann í Kleifarnefinu 20. ágúst. Þetta reyndist vera hængur sem var 66 cm og 3,1 kg. Var það flugan þekktu Rauður Frances með cone 1/2" sem gaf þennan fisk sem reyndist vera mariulax.



Ófeigur Ólafsson með fallegan birting í Ármótunum



Gunnar Sigurðsson með lax úr Kleifarnefi



Elvar Már Sigurgíslason með mariulax úr Kleifarnefi

Veislubjónusta

Fermingaveislur

Fermingabækur

Kransakökur

Pantið tímanlega



Sigurjonsbakari - Hólmgarði 2 - Sími 421 5255 - 821 5255 - sigbak@mitt.is - sigurjonsbakari.net



Eftirfarandi veiðisvæði býður SVFK uppá í umboðssölu frá SVH

Við viljum vekja athygli á því að eftirfarandi dagar verða eingöngu til umsóknar þar til úthlutun til félagsmanna lýkur, eftir það verður þeim dögum sem ekki seljast skilað.

Hlíðarvatn í Selvogi

Þetta frábæra bleikjuveiðivatn er í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabíl verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn er fluga og spónn.

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.

Lykilnúmer að lykjalás fylgir veiðileyfinu og æskilegt að rugla honum vel að dvöl lokinni.

*ATH í ágúst eru eingöngu seldar þrjár stangir saman.

Verðskrá:

Verð á stöng pr. dag

Dags.	stangir	félagsmenn
8/5	5	6.000,-
11/6	5	6.000,-
11/7	5	7.000,-
19/7	5	6.000,-
9/8	*3	15.000,-
10/8	*3	12.000,-
17/8	*3	12.000,-
20/9	*3	12.000,-

DJÚPAVATN á Reykjanesi

Sannkölluð fjölskylduparadís.

Veiðihús með 8-10 svefnplássum, gott útigrill og fallett umhverfi.

Stangarfjöldi er takmarkaður við 10 stangir og ekki er heimilt að veiða af bát. Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.

Lykilnúmer að lykjalás fylgir veiðileyfinu og æskilegt að rugla honum vel að dvöl lokinni.

Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið.

Verðskrá:

Verð fyrir húsið og allt vatnið pr. dag

Dags.	stangir	félagsmenn
10/6	10	20.000,-
16/6	10	20.000,-
17/7	10	20.000,-
18/7	10	25.000,-
5/8	10	20.000,-
13/8	10	20.000,-
1/9	10	20.000,-





Fossálar

Verðskrá:

Verð á stöng pr. dag

Vorveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
3/4-19/4	3	14.900,-	17.135,-
19/4-31/5	3	10.900,-	12.535,-

Sumarveiði

Fjögurra daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
20/6-7/8	3	2.600,-	2.990,-

Hautveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
7/8-23/8	3	18.200,-	20.930,-
23/8-2/9	3	23.700,-	27.255,-
2/9-18/10	3	33.800,-	33.870,-

Veiðihús er innifalið í öllum verðum.

Ath. vegna happdrættis og veiðidaga SVH koma eftirtaldir dagar ekki til úthlutunar: 10/7-14/7, 9/8-11/8 og 4/9-6/9

Veiðitilhögun

Vorveiði

Fjöldi stanga: 3

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)

Veiðitími: 3. apríl – 31. maí

Agn: Flugá

Sleppiskylda á öllum fiski

Sumarveiði

Fjöldi stanga: 3

Skipting daga: Fjögurra daga holl (hálfur, heill, heill og hálfur dagur)

Veiðitími: 20. júní – 7. ágúst

Agn: Flugá, spónn og maðkur

Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag

Æskilegt að sleppa öllum fiski sem er 70 cm eða yfir.

Hautveiði

Fjöldi stanga: 3

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)

Veiðitími: 7. ágúst – 18. október

Agn: Flugá, spónn og maðkur

Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag

Æskilegt að sleppa öllum fiski sem er 70 cm eða yfir.



Veiðihús Fossála

Daglegur veiðitími:

1. apríl til 31. maí frá kl 7-13 og 15-21
20. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22
14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21.

Seld eru leyfi til 18. október þar sem leyfi fékkst fyrir framlengingu, (10. okt.-18. okt.), síðasta ár, ef einhverra hluta vegna framlenging verði ekki heimiluð verða þau veiðileyfi sem seld eru þann tíma endurgreidd. Einnig er rétt að vekja athygli á því að einnig gæti orðið um veiðitakmarkanir á einhvern hátt að ræða í framlengingu t.d. eingöngu veitt á flugu og jafnvel sleppiskyldu á veiddum fiski.

Staðsetning

Fossálar eru í Skaftárhreppi í V-Skafta-fellssýslu um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur. Fossálar falla til Skaftár austast á Síðunni.



Sigurður Ólafsson stillir upp í mynd

Fossálar er nokkuð vatnsmikil á sem á upptök sín sunnan undir Miklafelli á Austur-Síðuafrétti í um 550-600 m h. y. s.

Leiðarlýsing að húsi

Ekinn er Þjóðvegur 1 sem leið liggur yfir brúna yfir Fossálana og tekinn fyrsti vegslóði til hægri af Þjóðvegi 1 í gegnum merkt hlið. Þar er slóðanum fylgt, sem er vel merktur þar til að húsinu kemur.

Veidihús

Gott veiðihús er við ána og er aðstaða þar eins og best verður á kosið. Húsið er staðsett við hraunjaðarinn við syðri-Ál í ákaflega fallegu umhverfi, en náttúruvegurð svæðisins er einstök.

Húsið er rafvætt og í því eru tvö þriggja manna herbergi (kojur) setuaðstaða, sturta, eldhúskrókur með ísskáp, eldavel og kælikistu.

Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.



Ásgeir Ólafsson með fallegan fisk úr veiðistað 16

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veidisvæðið

Veidisvæðið nær frá landamærum gegnt Orrustuhól, rétt ofan gömlu Þjóðveg-arbrúarinnar og til merkja á Brunasandi þar sem veiðisvæði Vatnamóta tekur við.

Syðri-Áll er einnig með þessu svæði og eru upptök hans við hraunbrúnina, hjá veiðihúsinu og sameinast Fossálum á Brunasandi. Rétt er að veita því svæði nokkra athygli því þar er oft ágæt veiði þó svo það láti lítið yfir sér. Veiðin er bleikja fyrri hluta sumars, sjóbirtingur er líða tekur á haustið. Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinna

Veiðin 2019

Ágætis veiði var í Fossálum árið 2019, það voru 115 fiskar færðir til bókar og þar af veiddust 104 birtingar.

Meðalþyngd skráðra fiska var 2,69 kg og voru 23 birtingar skráðir 4 kg eða stærri.

Þeir stærstu voru eftirfarandi:

Magnús Björnsson veiddi 8 kg sjóbirting í Syðri Ál þann 17. sept á maðk.

Ásgeir Ólafsson veiddi 6,7 kg sjóbirting á veiðistað 16 þann 14. sept á fluguna Black Ghost.

Ásgeir Ólafsson veiddi 6,6 kg sjóbirting á veiðistað 16 þann 14. september á fluguna Nobbler.

Arnar Karlsson veiddi 6 kg sjóbirting á veiðistað 16 þann 19. september á maðk.

Árnefnd vill þakka veiðimönnum fyrir góða umgengni á húsi og veiðisvæði og vonast eftir góðu samstarfi við veiðimenn áfram.

Ódýr gisting og veiðileyfi

Leigt er út húsið fjóra daga í senn yfir sumartímann sem stendur frá 20.júní til 7. ágúst ásamt þremur stöngum.

Hvert holl kostar 31.200 krónur.



Kátir veiðifélagar á bökkum Fossála



Hrolleifsdalsá

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Dags.	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
22/6-30/6	3	9.500,-	10.925,-
30/6-2/9	3	11.600,-	13.340,-
2/9-18/9	3	9.500,-	10.925,-

Veiðihús er innifalið í öllum verðum.

Ath! Happdrættis og veiðidagar SVH sem koma ekki til úthlutunar:

24/6-26/6, 8/7-10/7, 14/7-16/7 og 28/7-30/7

Veiðitilhögun

Fjöldi stanga: 3

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)

Veiðitími: 20. júní – 20. sept.

Agn: Fluga, spónn og maður frá ósi upp að brú. Spónn bannaður fyrir ofan brú.

Daglegur veiðitími:

20. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22
14. ágúst til 20. sept. frá kl 7-13 og 15-21.

Staðsetning

Hrolleifsdalsá er í Hrolleifsdal sem liggur til suðausturs inn í Tröllaskagafjallgarðinn upp frá Sléttuhlíð við austanverðan Skagafjörð.

Dalurinn er sagður kenndur við Hrolleif landnámsmann.

Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km. norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þar bjó forðum galdraklerkurinn Hálfván á Felli.

Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon.

Leiðarlýsing að húsi

Húsið er staðsett ofan vegar í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr. 76 að



Lovísa Guðjónsdóttir með flottan urriða úr Hrollu



Veiðihús Hrolleifsdalsár

bænum Tjarnir og þar tekin hægri beygja inn á slóða sem liggur að veiðihúsi.

Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinna en til að komast fram á dal þarf að nota tvo jafnfljóta.



Ísold Anna og Frosti Pétur



Flott veiði á fallegu júlíkvöldi í Hrollu



Guðjón Þórhallsson á bökkum Hrollu

Veiðihús

Ágætis veiðihús er við ána. Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum auk svefnlofts. Einnig er góður svefnsofi á staðnum. Þá er einnig heitt vatn ásamt sturtu. Húsið er rafvætt og helstu tæki eru til staðar, svo sem eldavél, ísskápur, kaffivél, brauðrist ofl.

Gasgrill er á staðnum

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Veiðin 2019

Veiðin síðasta sumar var góð, mun betri en í fyrra og hefur verið stígandi undanfarin ár.

401 fiskur voru skráðir í bók.

Veiðin skiptist þannig: 171 bleikja, 227 urriðar, 2 laxar og 1 hnúðlax.

Hægt er að gera mjög góða veiði í urriðanum í september ef hann er komin niður úr vötnunum Sléttuhlíðarvatni og Kappastaðavatni til hrygningar.



Feðgarnir Viktor Örn og Ögmundur Erlendsson



Alda Ögmundsdóttir og Ólafur Jónsson



Kátína á pallinum



Ólafur og Erlendur Jónssynir

vfs.is

M18

EITT RAFHLÖDUKERFI
YFIR 145 VERKFÆRI

Milwaukee®
**ALVÖRU
VERKFÆRI**

**VERKFÆRA
SALAN**